



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

febrúar 2024

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í nóvember sl. Góðar stundir!

Innanhúsfólk

Þessa dagana eru nýir frumkvöðlar að koma sér fyrir hjá AkAk til að vinna að spennandi nýsköpunarverkefnum en samkvæmt samstarfssamningi AkAk og Akureyrarbæjar leggur AkAk til vinnuaðstöðu fyrir tvo frumkvöðla og greiðir Akureyrarbær fyrir aðstöðuna. Auglýst er tvisvar á ári eftir umsóknum og er vinnuaðstöðu úthlutað til sex mánaða hverju sinni, annars vegar frá 1. mars og hins vegar frá 1. september. Frá því að samningurinn var gerður vorið 2021 hafa sjö frumkvöðlar unnið að verkefnum sínum hjá AkAk, auk þeirra sem eru að byrja núna.

Frumkvöðlarnir hafa unnið að fjölbreyttum verkefnum: hugbúnaðarlausnum á netinu fyrir fyrirtæki, dans og hreyfimeðferð fyrir félagslega heilsu á Íslandi, varðveislu menningararfs um álfa og huldufólk á Akureyri/Eyjafirði, uppbyggingu hátæknigróðurhúss, kynningar- og fræðsluefni um tegundir og táknfræði blóma í menningar- og sögulegu samhengi, uppbyggingu hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum, og ætla nýju frumkvöðlarnir m.a. að vinna að gerð sjónvarpsþátta um óbyggðir á Íslandi og að undirbúa stofnun leiklistarskóla á Akureyri fyrir ungt fólk.

Að mati AkAk hefur framkvæmd samningsins gengið vel. Samstarf AkAk og Akureyrarbæjar um stuðning við frumkvöðla hefur bæði vakið athygli hér í bænum og líka í öðrum bæjarfélögum og litið á það sem eftirbreytniverða framkvæmd.

Í frumkvöðlahópnum hjá AkAk er m.a. Bryndís Fjóra Pétursdóttir en hún hefur unnið að nýsköpunarverkefninu [Huldustígur](#) í Lystigarðinum á Akureyri en það miðar að því að varðveita menningararfinn um álfa og huldufólk hér í bænum og í Eyjafirði. Þessa dagana vinnur hún að undirbúningi [ráðstefnu](#) um álfa og huldufólk í heimabyggð sem haldin verður 20. apríl í Menningarhúsinu Hofi. Þar verða flutt erindi frá mismunandi sjónarhornum sjáenda, fræðafólks, listafólks og almennings. Ráðstefnan er öllum opin og er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, þar sem erindin verða öll á íslensku og tileinkuð menningararfinum sem snýr að huldufólki og álfum og heimildum þar að lútandi. Viðburðurinn er styrktur af Akureyrarbæ, AkureyrarAkademíunni, Fjord, Sóknaráætlun Norðurlands eystra og Vegagerðinni.

Auk frumkvöðlanna hefur fjölbreyttur hópur verið hjá AkAk í vetur til að vinna að hugðarefnum sínum: fólk sem sinnir óstaðbundnum störfum, háskólanemar og sjálfstætt starfandi fræðimenn og aðrir einstaklingar sem starfa sjálfstætt. Öll vinnupláss eru í notkun og biðlisti eftir að komast að.

Viðburðir á vormisseri

Hér er gerð grein fyrir viðburðum á vegum AkAk á þessu misseri.

- **Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna**

Frá árinu 2016 hefur AkAk boðið íbúum heimilanna upp á fyrirlestra sem hafa líka verið opnir öðrum bæjarbúum. Markmiðið er að bjóða upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni með aðgengilegum og áhugaverðum hætti. Það er gaman að geta sagt frá því að hægt verður að halda þessari ánægjulegu starfsemi áfram á þessu ári en AkAk fékk nýlega styrki frá [Menningar- og viðurkenningasjóði KEA](#) og [Samfélagssjóði Norðurorku hf.](#) í þessum tilgangi. Við þökkum kærlega fyrir stuðninginn! Verið er að undirbúa fyrirlestraröðina og munu viðburðirnir hefjast í apríl og standa fram eftir árinu og haldnir til skiptis á Hlíð og Lögmannshlíð. Eins og áður er leitað bæði til félaga AkAk um að vera með erindi og einnig til annarra einstaklinga hér í bænum.

- **Bakarís-fyrirlestrar**

Vorið 2023 fór AkAk af stað með bakarís-fyrirlestra en þeir eru samstarfsverkefni okkar og Brauðgerðarhúss Akureyrar í verslunarmiðstöðunni í Sunnuhlíð. Markmiðið er að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni. Gert er ráð fyrir því að bjóða upp á bakarís-fyrirlestra á vordögum.

- **Málþing**

Verið er að undirbúa málþing í tilefni af því að á þessu ári eru 80 ár liðin frá stofnun Lýðveldis á Íslandi árið 1944, og verður það haldið laugardaginn 4. maí í Menningarhúsinu Hofi, eftir hádegi. Markmiðið með málþinginu er skapa vettvang fyrir opið samtal og skoðanaskipti fræðimanna og almennings um lýðveldisstofnunina og stöðu og þróun Lýðveldis og lýðræðis á Íslandi í fortíð, nútíð og framtíð.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <https://www.akak.is/>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir, netfang akak@akak.is